



MINNISBLAÐ

Móttakandi: Bæjarráð & safna- og menningamálanefnd
Varðandi: Menningartengd ferðaþjónusta
Málsnúmer: 1905057
Dags.: 26.10.20
Málefni: Minnisblað bæjarstjóra vegna sögu og menningararfs í Stykkishólmsbæ og aðgerða til að efla áttthagafræðslu.

Í minnisblaði bæjarstjóra frá 18. október 2019 er farið yfir mikilvægi áttthagafræðslu. Efling áttthagafræðslu er ein af aðgerðum í menningarstefnu Vesturlands, bæði hvað varðar eflingu áttthagafræðslu í leik- og grunnskólum sem og þróun kennsluefnis í áttthagafræðslu fyrir alla aldurshópa. Í október 2019 lagði bæjarstjóri fram hugmyndir um að koma á framfæri fræðsluefni um m.a. minjar og sögu, byggingarlist, náttúrufar og kennileiti í Stykkishólmi. Þetta mætti t.d. gera með skiltum sem nýtast þá einnig í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.

Hér að neðan eru lagðar fram hugmyndir að framsetningu áttthagafræðslu fyrir íbúa Stykkishólmsbæjar þannig að hún verði aðgengileg bæði Hólmurum og þeim ferðamönnum sem bæinn sækja.

Festa mætti platta með kynningarefni á ljósastaura víðsvegar um Stykkishólmsbæ. Á hverjum platta fyrir sig mætti lesa um svæðið þar í kring, um minjar, sögu, byggingarlist, náttúrufar, gömul hús og kennileiti í bæjarlandinu, allt eftir því hvað á við hverju sinni. Þannig geta fjölskyldur og ferðamenn gengið á milli staura með þessum merkingum og fræðst um Stykkishólmsbæ.

Hægt væri að gera ýtarlegri lýsingar og fara dýpra í söguna í rafrænum bæklingum sem nálgast mætti á vefsíðu Stykkishólmsbæjar. Ahugasamir gætu þá sótt bækling t.d. í símann sinn og gengið um bæinn og lesið um það sem fyrir augum ber. Hægt væri að útbúa nokkra bæklinga með mismunandi þema, t.d. getur einn lagt áherslu á gömlu húsin, annar á listaverk og minnisvarða og enn annar á náttúru og útsýnisstaði. Hver bæklingur stýrir gönguleið lesandans og sinnir þannig hlutverki leiðsögumans.

Nýræktin er frábær leikvöllur og þar má finna skemmtilegar gönguleiðir um skóginn. Góð viðbót við ferðaþjónustu- og afþreyingarmöguleika væri kort af gönguleiðum og áningarstöðum í skóginum.

Virðingarfyllt,
Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri